

öðrum þessi ýmsu skjöl með skuldbindingu um að gjöra hvor öðrum kunnugar þær breyt- **189**
ingar, sem hvor um sig kynni að finna ástæðu til að gjöra á þeim síðar meir.

12. grein.

Með því sjerstök lög gilda og ganga í nýlendum og útlöndum (dépenses) samnings-gjöranda, eru þau ekki innifalin í hinum framanskriðaða samningi.

Samt sem áður skulu þegnar samnings-gjöranda njóta þar (y jouiront) með tilliti til verzlunar og siglinga sinna, með tilliti til skipa og tollgjalda, hvort þeir eru heldur komandi eða farandi, og með tilliti til afgreiðslu skipa og vara hinna sömu rjettinda, einkaleyfa, undanþága, ívilnana og undantekninga, sem eru eða verða veittar þeirri þjóð, sem mest er ívilnað.

13. grein.

Samningur þessi hættir að gilda og ganga ári eftir, að annar hvor samnings-gjörandi hefir sagt hann sjer afhöndum (dénoncé) eða óskað að hann væri endurskoðaður.

14. grein.

Samningur þenna skal staðfesta og staðfestingarnar skulu afhentar í Kaupmanna-höfn innan fjöggra mánaða eða fyr, ef verða má¹. Til staðfestingar samningsins hafa hlut-adeigandi umboðssmenn undirskrið hann í tvennu lagi, og innsiglað hann með merkis-innsiglum sínum.

Gjört í Kaupmannahöfn, 8. sept. 1872.

O. D. Rosenörn-Lehn. *J. Courtoys d'Anduaga.*

(L. S.)

(L. S.)

— *Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um afnám hins íslenska* **190**
styrktarsjóðs. — Þjónustusamlega sendi jeg yður, herra landshöfðingi, hjer með **7. nóv.**
nokkur sjerstök exemplör af fjárlögum fyrir árin 1880 og 1881, sem staðfest voru af hans hátign konunginum 24. f. m. (stjórnartíð. A 58 bls.), sem og af athugasemdun-um við frumvarpið til fjárlaganna sumpart handa sjálfum yður til afnota, sumpart til útbýtingar meðal hlutadeigandi embættismanna, og vil jeg mælast til þess, að þjer hlutizt til um greiðslu á launum o. fl., samkvæmt reglum þeim, sem í þessu tilliti standa.

Í sambandi við þetta læt jeg ekki dragast að tjá yður til þóknanlegrar leið-beiningar, að með því að jeg varð að vera samþykkur skoðun þeirri, sem herra lands-höfðinginn hefir látið í ljósi í þóknanlegu brjefi frá 30. ágúst síðastl. um, að til þess að nema úr gildi konungsúrskurð frá 23. júlí 1844, er stofnaði hinn íslenska styrktar-sjóð, yrði að útvega sjerstakan konungsúrskurð, hefir samþykkis konungs verið leitað í máli þessu, og hefir hans hátign síðan 24. f. m. allramildilegast fallizt á, að styrktar-sjóður Íslands, sem stofnaður var með konungsúrskurði 25. júlí 1844, sje af numinn frá 1. janúar næstkomandi, sem og, að eigur sjóðs þessa frá sama tíma sjeu lagðar í viðlagasjóð hins íslenska landssjóðs.

— *Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um gjalddaga afhend-* **191**
ingargjalds í dánarbúi. — Þjer hafið, herra landshöfðingi, sent hingað brjef **7. nóv.**
sýslumannsins í Húnavatnssýslu, þar sem hann spyr, hvort 200 kr. afhendingargjald, er

1) Staðfestingin fór ekki fram fyr en 21. des. 1878. og var þá um leið ákveðið, að þó frestur sá, sem tiltekinn hafði verið fyrir staðfestingunni, væri útrunninn, skylði þetta ekki á neinn hátt vera því til fyrirstöðu, að hinar ýmsu ákvarðanir samningsins fengu framkvæmd.